



Lagt fyrir 379.Fund Velferðarráðs Reykjaneshæjar 11. september 2019

Mál nr. 2019080487

Greinargerð

Viðtakandi: Velferðarráð Reykjaneshæjar

Sendandi: María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar

Efni: Samstarfssamningur milli Velferðarsviðs Reykjaneshæjar og Lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna forvarnarverkefnisins Ábyrg SAMAN.



Þann 20. ágúst 2019 gerðu Velferðarsvið Reykjaneshæjar og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum með sér samstarfssamning vegna forvarnarverkefnisins ÁBYRG SAMAN. Með verkefninu er unnið út frá heimsmarkmiði 3 *Heilsa og vellíðan*.

Lögd er áhersla á að efla forvarnir og beita snemmtækri nálgun til að mæta áhættuhegðun hjá börnum. Velferðarsvið Reykjaneshæjar og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum telja mikilvægt að bregðast strax við vanda barns þegar afskipti lögreglu verða af barni, sem stundar áhættuhegðun og koma þannig frekar í veg fyrir endurtekin afskipti. Barnavernd Reykjaneshæjar sendir að jafnaði bréf til foreldra vegna 30 barna ár hvert vegna tilkynninga sem berast frá lögreglu og ekki er hafin könnun í málinu. Á árinu 2019 hefur verið aukning á tilkynningum frá lögreglu vegna áhættuhegðunar barna og því er mikilvægt að bregðast strax við vandanum. Markmið með verkefninu er að gera foreldrum og barni grein fyrir barnaverndartilkynningu frá lögreglu, veita foreldrum og barni tækifæri til að eiga samtal um tilkynninguna, veita fræðslu og upplýsingar um úrræði sem þeim stendur til boða og draga úr áhættuhegðun hjá barni.

Í stað þess að barnavernd sendi foreldrum bréf þá mun fulltrúi frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og barnavernd Reykjaneshæjar bjóða foreldrum og barni upp á ábyrgt samtal þegar fyrstu afskipti lögreglu verða af barni vegna áhættuhegðunar og ekki er um að ræða barnaverndarmál. Með þessu verklagi er lögd áhersla á að bregðast strax við vanda barns og sýna sameiginlega ábyrgð til að draga úr áhættuhegðun hjá barni.

Markmið verkefnisins verða metin eftir eitt ár. Skoðaðir verða þættir eins og hvort foreldrar og börn þiggja að koma í viðtöl, hvort afskipti lögreglu fækkar hjá þeim börnum sem koma í viðtöl. Einnig verður skoðað ánægja foreldra og barna á þessu verklagi til að þróa það áfram og hvaða úrræði hafa helst verið nýtt.

Verkefnið mun hefjast 1. september 2019

Endurmat september 2020

Ábyrgðaraðili: María Gunnarsdóttir